

## ERLENT

### Langt sýningarhlé

ENDURBYGGING á Neues Museum eða Nýja safninu í Berlín stendur nú yfir, en safnið er með síðustu stríðsminjum frá síðari heimsstyrjöld sem enn standa í borginni. Safnið, sem var byggt á árunum 1834-1859, stendur á safnaeyjunni í Berlín en varð fyrir miklum skaða í síðari heimsstyrjöldinni og hefur staðið ónotað síðan.

Það er breski arkitektinn David Chipperfield sem ber ábyrgð á endurbótum ytra byrðis Neues Museum en til stendur að koma húsinu í sem upprunalegast horf að utan, salarkynninn fyrir innan verða hins vegar algjörlega endurgerð og uppfærð.

Kostnaður þýska ríkisins er talinn nema rúmum 20 milljörðum króna, en húsið er þegar á minjaskrá UNESCO.

Til stendur að opna safnið að nýju árið 2009 og mun það þá geyma hið egyptska safn borgarinnar, sem og forsögulega og fornaldar muni.

### Grimmd og blíða í Tate

TATE Modern safnið í London hýsir þessa dagana ljósmyndasýninguna Cruel and tender: the Real in the 20th-Century Photograph, sem útleggja má sem Grimmdin og blíðan: Hið raunverulega í ljósmyndum 20. aldar.

Sýningin geymir verk ljósmyndara sem kynslóð eftir kynslóð hafa leitast við að fanga á filmu hin margvíslegustu myndefni sem grípa augað og sýna hlutleysi ljósmyndarans um leið, en verkin á sýningunni eiga það sameiginlegt að þar er leitað fanga í þeim hliðum lífsins sem venjulega er horft framhjá. Meðal þeirra ljósmyndara sem eiga verk á sýningunni má nefna sem dæmi þau Diane Arbus, Thomas Ruff, Robert Frank og Garry Winogrand.



Drengur með leikfangahandsprengjur eftir Diane Arbus.

### Á tímum zaranna

SOMERSET House í London hýsir þessa dagana sýningu sem haldin er í tilefni að 300 ára afmæli Sankti Pétursborgar. Sýningin geymir m.a. ljósmyndir frá árunum 1840-1920 sem sýna daglegt líf borgarþúa bæði almennings sem



Orlova-Davydova prinsessa.

adals, en myndirnar voru fengnar að láni frá Hermitage-safninu í Sankti Pétursborg. Með sýningunni þykir hafa tekist einkar vel að draga fram mynd af lífi íbúa borgarinnar á tímum rússneska keisaradæmisins. Kemur það ekki hvað síst fram í þeirri mót-sögn sem birtist í aðalsmanna portrettum á borð við mynd af prinsessunni Orlova-Davydova í grímubúningi og myndum af erfíðum kjörum almennings sem virtust aðlinum að mestu ókunn.



Morgunblaðið/Ragnar Axelsson

„Bóndi á suðurströnd Íslands“ eftir Ragnar Axelsson frá árinu 1996.



Morgunblaðið/Golli

Braggatjald Hrafnkels Sigurðssonar – sem fjall á myndfletinum.

# LJÓSMYNDUN SAMTÍMANS

## MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur - Kjarvalsstaðir

### LJÓSMYNDIR

Íslensk samtímaljósmyndun.  
Opíó alla daga frá 10-17. Sýningu lýkur 24. ágúst.

### Mokka

### LJÓSMYNDIR

Katrín Elvarsdóttir.  
Opíó á opnunartíma kaffihússins. Sýningu lýkur 5. júlí.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur

### LJÓSMYNDIR

Claire Xuan.  
Opíó virka daga frá 12-19 og um helgar frá 13-17. Sýningu lýkur 1. september.



„Stærðfræði“ – Ljósmynd / Skúlptúr eftir Sigurð Guðmundsson.

ÞEGAR franskur uppfinningamaðurinn Joseph Nicéphore Niépce tók fyrstu ljósmyndina, sem vitað er um, út um gluggann á sveitasetri sínu árið 1826 tók það heilar 8 klukkustundir að lýsa myndina. Í stað filmu notaði hann tinplötu þakta jarðbiki sem hann svo leysti upp í terpentínu. Niépce vildi festa mynd af veruleikanum án milligöngu handverksins, „fanga sýn náttúrunnar á náttúrunni“ eins og annar frumkvöðull ljósmyndunar, William Fox Talbot, orðaði það. Nokkru eftir árangur Niépces datt öðrum Frakka, Louis-Jacques Daguerre, það snjallræði í hug að nota silfurjodíð og stýttist þá myndatökan niður í 30 mínútur. Síðan hafa liðið hátt á annað hundrað ár og ljósmyndataeknin þróast allverulega á tímabilinu.

Á Íslandi tekur ljósmyndin ekki almennilega við sér sem tjáningarform í myndlist fyrr en á áttunda áratug síðustu aldar með tilkomu hugmyndalistar (Conceptual art). Í dag er ljósmyndin mikilvægur hlekkur í myndlistarflórinni og því löngu tímabært að gera úttekt á því helsta sem er í gangi í ljósmyndun hér á landi.

Á Kjarvalsstöðum stendur nú yfir sýningin er nefnist „Íslensk samtímaljósmyndun“. Sýningarstjórar eru Eiríkur Þorláksson, Einar Falur Ingólfsson og Pétur Arason, en þeir völdu einnig ljósmyndaverk samtímalistamanna á sýninguna „Íslensk ljósmyndun – Yfirflitsýning“ sem haldin var í Moskvu í fyrravetur og var unnin í samstarfi Listasafns Reykjavíkur og Þjóðminjasafns Íslands við ljósmyndasafn Moskvu. Sýningin „Íslensk samtímaljósmyndun“ er sá hluti sem Listasafn Reykjavíkur lagði til sýningarinnar í Moskvu, með nokkrum viðbótum.

### Ísland í dag

Þótt öll verkin á sýningunni séu ljósmyndir, utan nokkurra blýantsteikninga sem Birgir Andrésson hefur unnið eftir ljósmyndum Magnúsar Reynis Jónssonar, teljast ekki allir sýnendur ljósmyndarar. Stór hluti þeirra eru myndlistarmenn sem m.a. nota eiginleika ljósmynda til þess að koma hugmyndum sínum til skila og kaupa jafnvel þjónustu faglærðra ljósmyndara til þess að taka myndirnar fyrir sig. Hér er því um nokkuð athyglisvert samspil að ræða þar sem listamenn sem eru að taka ljósmyndir ljósmyndanna vegna og listamenn sem nota ljósmyndir sökum þess að þær henta einstökum hugmyndum betur en aðrir tjáningarmiðlar sameina krafta sína til þess veita innsýn í þá miklu möguleika sem ljósmyndaformið býður upp á.

Alls eiga 32 listamenn verk á sýningunni. Hreinn Friðfinnsson og Sigurður Guðmundsson,

sem eru brautryðjendur í hugmyndalist á Íslandi, eiga þar elstu verkin og eru frá áttunda áratugnum. Sigurður hefur löngum lýst því yfir að ljósmyndir hans séu í raun skúlptúrar. Þannig má einnig horfa á ljósmyndir Ólafar Nordal af tilbúnum „objektum“ og fjögurra mynda röð Gjörningaklúbbsins, sem sýnir listakonurnar makaðar í kökukremi. Nokkuð er um heimildarljósmyndir þar sem skrásetning er í fyrirrúmi. „Lönd og álfur heimsins ...“ eftir Birgi Andrésson, dagbókarverk Einars Fals og myndir Ívars Brynjólfssonar af hversdagslegum hlutum á kosningaskrifstofum eru dæmi um slík verk. „Landlistin“ (Land art) á líka sinn fulltrúa á sýningunni, en það er dansk-íslenski listamaðurinn Ólafur Elíasson, sem sýnir ljósmyndaröðina „Leitað að vatni á landi Gunnars“. Öllu hefðbundnari eru stílhreinar landslagsmyndir Páls Stefánssonar og Sigurgeirs Sigurpálssonar. Katrín Elvarsdóttir sýnir einnig landslagsmyndir, en hún reynir að fanga drungalegt andrúm í landslagi frekar en að mynda fagra lögun og litadýrð þess eins og þeir Páll og Sigurgeir gera. Hrafnkell Sigurðsson færir landslagsmyndina inn fyrir borgarmörkin með ljósmyndum af snjósköflum sem líkjast fjöllum og í annarri myndröð notar hann braggatjöld sem tilvísun í fjöll. Að tjalldstæði er myndefnið í tveimur ljósmyndum eftir Spessa þar sem tómléikinn segir til um liðinn tíma. Samskonar vangaveltur eru að finna í innviði eyðibýla sem Orri Jónsson hefur myndað. Listamennirnir leggja þó ólíkar áherslur á viðfangsefnið. Spessi tekur ljósmyndirnar án nokkurra tilrauna til að fegra umhverfi eða ástand og myndar tjalldstæði í því raunsæi sem fyrir liggur, en Orri myndar hluta af innviði húsanna með tilliti til lita og myndbyggingar. Ljósmynd Hrafnhildar Arnardóttur „Bottom Lines“ af köflóttum afturenda hefur einnig skoplega tengingu í geometríu og minimalisma síðustu aldar sem/og tískuheiminn og litríkar og „sixties“-legar ljósmyndir Bjargeyjar Ólafsdóttur, „Falskar tennur“, eru áþandi andstæða við svart/hvítar dramatískar ljósmyndir Ragnars Axelssonar. Benedikt Valsson er eini ljósmyndarinn sem tekur fyrir andlits-portrettið og sýnir fjórar myndir af fjórum kynslóðum í karllegg Geira Borg. Ljósmyndir Guðmundar Ingólfssonar af pylsusölu-stöðum eru líka á sinn hátt portrettmyndir og tölvubreyttar myndir Guðmundar Odds Magnússonar og Tuma Magnússonar eru svo til merkis um nýrri tíma í ljósmyndataekninni.

Sýningin er ágætlega heppnuð, vönduð og metnaðarfull. Ef eitthvað er einkennandi fyrir hana þá er það klappað og klárt „konseptið“. Langflestir listamannanna taka fyrir eina hug-

mynd eða eitt verkefni og skila því frá sér á skýran hátt. Athyglisvert þykir mér að enginn af 32 þátttakendum á sýningunni skuli taka fyrir pólitísk málefni eða skoði neikvæðari þætti samfélagsins, en ljósmyndin er afar hentug fyrir þessháttar viðfangsefni þar sem hún festir staðreyndirnar í mynd. Hér er nær einungis verið að vinna á fagurfræðilegum, formfræðilegum og hugmyndafræðilegum nótum. Ekki tel ég þó að skortur á samfélagslegri eða pólitískri ádeilu sé sérstakur ljóður á sýningunni, heldur eitthvað sem er umhugsunarvert varðandi íslenska samtímaljósmyndun.

### Dimm erótík

Katrín Elvarsdóttir, sem er á meðal sýnenda á ljósmyndasýningunni á Kjarvalsstöðum, opnaði einkasýningu í Mokka síðastliðna helgi. Sýninguna nefnir hún „Lífsandi“ og inniheldur 12 svart/hvítar ljósmyndir af gínum sem listakonan tók í verslunargluggum New York borgar, ýmist kvennærfataverslunum eða S&M búðum, að mér sýnist.

Katrín er ekki að sýna gínumar sem slíkar heldur notar hún þær til að kveikja hugarhræringar hjá áhorfendum. Hún notar lítið sem ekkert af gráum skala og sker skýrt á milli þess svarta og hvíta eða ljóss og skugga. Smáatriði verða því óljós, stundum úr fókusi, og maður er ekki alltaf viss hvort að um gínu eða manneskju sé að ræða. Leiðir listakonan okkur að nálægum hluta gínanna, yfirleitt mittið og lærið, og nær þannig fram dimmri erótík sem væntanlega er það andrúm sem hún leitast eftir í myndunum.

Í texta um sýninguna segist Katrín vera að vinna með mörk hins lifandi og líflausa. Tekst henni það með ágætum því hún gæðir líflausar gínumar svo sannarlega lífi.

### Ferðamyndir frá fimm löndum

Sumarsýning Ljósmyndasafns Reykjavíkur er á verkum fransk-víetnamska ljósmyndarans Claire Xuan og nefnist hún „Frumeðfimm – ferðadagbækur Claire Xuan“. Yfirskriftin er fengin úr austurlenskum fræðum þar sem frumefni alheimsins eru sögð vera fimm. Ekki er þó verið að andmæla frumefnunum fjórum sem vísindin hafa kynnt okkur, heldur eru hin austrænu frumefni sjáanlegt og áþreifanlegt efni, tré, jörð, málmur, eldur og vatn, sem ýmist vinna saman eða gegn hvoru öðru sem hreyfiöfl náttúrunnar. Ljósmyndirnar eru teknar í fimm löndum, Víetnam, Frakklandi, Marokkó, Madagaskar og á Íslandi og reynir listakonan að mynda mismunandi ástand frumefnanna á hverjum stað fyrir sig með tilliti til myndrænna eiginleika þeirra, þ.e. áferð leirsins, speglun vatnsins, þyngd málsins o.s.fv.

Claire Xuan er fyrst og fremst að sýna ferðabók sem hún hengir á vegg sýningarsalarins. Sýnishorn af vönduðum handgerðum bókunum er undir lokuðu gleri svo ekki er hægt að fletta þeim. Hefði ég gjarnan viljað upplifa sýninguna líka í gegn um bókverkið, því að ljósmyndirnar á veggjunum, sem margar hverjar eru fallegar náttúrumyndir, eru teknar frá heldur viðteknu sjónarhorni fyrir mitt leiti. Það sem helst stendur upp úr eru 8 svart/hvítar myndir frá þorpi á Madagaskar þar sem allir íbúar klæðast í hvítt á sunnudögum og mynd af rauðum rósum fljótandi á vatni í Marrakesh.

Jón B.K. Ransu